

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 101 – 3.06.2008

Þriðjudaginn 3. júní, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Aðalfundur Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Hluthafasamkomulag um GS.
3. Ákvörðun um aðalfund Skv.
4. Hækkun hitaveitugjalda.
5. Hitaveita fyrir Vindheimamela.
6. Bréf frá Forseta Íslands.
7. Önnur mál.
 - a. Veiðifélagi Svartár

Afgreiðslur:

1. Lagt fram fundarboð Gagnaveitu Skagafjarðar sem haldinn veður í Safnahúsinu Sauðárkróki kl. 14.00 í dag. Samþykkt að stjórnarmenn fari hlutfallslega með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf. á fundinum.
Samþykkt
2. Lagt fram hluthafasamkomulag á milli Kaupfélags Skagfirðinga, Skagafjarðarveitna og Sv. Skagafjarðar og Gagnaveitu Skagafjarðar vegna GS. Stjórn Skv samþykkir að auka hlutafé í GS um 33 milljónir króna skv. drögum að hluthafasamkomulagi. Hluti hlutafjárins verður greitt með ídráttarrörum fyrir ljósleiðara Út að austan.
3. Samþykkt að halda aðalfund Skagafjarðarveitna ehf. 26. júní nk.
4. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 4% frá 1. ágúst 2008.
5. Farið yfir arðsemisútreikningar vegna hitaveitu fyrir Vindheimamela, samþykkt að kynna þá fyrir hluteigandi aðiljum.
6. Lagt fram bréf frá Forseta Íslands hr. Ólafi Ragnar Grímssyni dags 17.05.2008 þar sem er þakka fyrir móttöku Skagafjarðarveitna í Dælustöð Skv í heimsókn hans til Skagafjarðar nú í vor.
7. Önnur mál
 - a. Pétur Valdimarsson gerði grein fyrir fundi Svartárdeildar sem haldin var miðvikudaginn 7. maí sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.